

Mál nr. 285/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot dags. 31. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 28. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. september 2024
4. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 13. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
5. Bréf V2 dags. 27. september 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 6. janúar 2024, hringdi M hinn 31. desember 2023 í lögreglu og lýsti því að bifreið A hefði ekið á bifreið B, sem er í eigu M. M lýsti atvikum svo að B hafi verið kyrrstæð er A var ekið á hana, og A að því loknu ekið burt en aksturslag hans benti til þess að hann væri undir áhrifum áfengis. Lögregla fann A eftir stutta leit, þar sem henni var ekið „löturhægt“ nærri vettvangi. Var ökumaður A handtekinn og samkvæmt niðurstöðum blóðsýnatöku, en staðfesting úr sýnaskrá var meðfylgjandi bréfi V2 til nefndarinnar, var áfengismagn í blóði hans 2,42 prómill.

Samkvæmt framburði M fyrir lögreglu dags. 22. febrúar 2024 lýsti hann atvikum nánar svo að hann hafi verið að bakka úr bifreiðastæði við heimili sitt þegar hann veitti því athygli að A var ekið frekar hratt inn götuna og hafi hún rásað eftir götunni. Hafi M þá ákveðið að aka aftur inn í bifreiðastæðið og hafi B verið komin inn í stæðið og í línu við aðrar bifreiðar sem lagt hafi verið við gangstétt, þegar hann hafi fundið þungt högg koma aftan á hana. Eftir áreksturinn hafi ökumaður B haft í frammi ógnandi tilburði og ýtt við M svo hann féll í jörðina. Sambærilega lýsingu er að finna í framburði eiginkonu M fyrir lögreglu dags. 22. febrúar 2024.

Samkvæmt framburði ökumanns A fyrir lögreglu dags. 1. janúar 2024 kannaðist hann ekki við að hafa ekið A umrætt sinn. Hann hafi setið undir stýri en hafi ekki verið að keyra. Síðar í framburði hans kemur fram að hann geti hafa verið að keyra en haldi að svo hafi ekki verið. Þá muni hann ekki eftir umferðaróhappi en verið geti að einhver annar hafi verið að keyra. Þá kemur fram að hann muni lítið þar sem hann hafi verið mjög ölvaður.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu um bætur vegna munatjóns vegna tjóns á B og vegna þess líkamstjóns sem hann hafi orðið fyrir við áreksturinn. Hafi M í kjölfar árekstursins fundið fyrir verkjum frá hendi og öxl og hafi þurft að leita til sjúkraþjálfara. Hann hafi þá verið óvinnufær eftir slysið og telji einnig að hjartaáfall sem hann hafi fékk í kjölfar þess sé að rekja til slyssins og eftirmála þess. Gögn málsins, ölvun A, erfiðar akstursaðstæður, en hálka og snjóþekja hafi verið á vettvangi, svo og sú staðreynd að hann hafnaði á kyrrstæðri bifreið, bendi eindregið til þess að hann eigi sök á atvikinu. Jafnframt telji M sig eiga rétt á miskabótum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er vísað til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu hafi A verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar og ekki með gild ökuréttindi. Hafi A þá sýnt af sér ógnandi hegðun áður en hann flúði af vettvangi og bendi framangreint til þess að hann hafi valdið tjóninu af stórfelldu gáleysi.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að auk fyrrgreindra lögregluskýrsla hafi félaginu borist tjónstilkynning M til V2. Þar komi fram að A hafi verið ekið fyrir aftan B, A hafi tekið að rása á götunni og hafi hún nálgast B á miklum hraða. A hafi þá rekist á B með þeim afleiðingum að sú síðarnefnda hafi snúist um 90 gráður á veginum. V hafi hafnað bótaskyldu enda hafi ekki verið að finna ítarlega lýsingu á atvikum í lögregluskýrslu, engar upplýsingar hafi legið fyrir um ákomur á bifreiðunum og nokkurt misræmi sé milli framburðar M á vettvangi og síðar til komins framburðar hans, hvað varði atvikalýsingu og lýsingu á staðsetningu ákomu á B. Telji félagið þá ljóst af gögnum málsins að M hafi ekið B aftur á bak úr bifreiðastæði án þess að gæta nægilega að ákvæði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og forgangi annarrar umferðar um veginn. Engin

gögn liggi þá fyrir er styðji þá frásögn M að B hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs og bendi ljósmyndir af vettvangi þvert á móti til þess að afturhluti hennar hafi skagað töluvert út á götuna. Sé þá ekkert í málinu sem sýni fram á orsakatengsl milli ölvunar A og þess að árekstur varð. Telji félagið af öllu framangreindu að B beri sök á árekstrinum. Þá kemur fram að félagið telji ekki æskilegt að taka afstöðu til meints líkamstjóns M fyrr en niðurstaða um sakarskiptingu liggi fyrir.

Í viðbótarathugasemddum M er lýst þeirri afstöðu að atburðarás sú sem V1 leggi til grundvallar eigi sér enga stoð í gögnum málsins. Ekki sé um að ræða lýsingu sem styðjist við framburð A enda beri hann við ölvun og minnisleysi. Hvað varði mögulegt misræmi í atvikalýsingu M verði að líta til þess að tjónstilkynning til V2 sé afar stuttur og hafi verið fyllt út með aðstoð dóttur M, sem kunni eitthvað takmarkað í ensku, en sjálf tali M og eiginkona hans hvorki íslensku né ensku. Kunni það að hafa orðið til þess að atvikalýsing í tjónstilkynningu var ekki jafnítarleg og í framburðarskýrslum fyrir lögreglu þar sem þau nutu aðstoðar túlks. Hvað varði orsakatengsl þá sé það þá svo að séu áfengis-eða fíkniefnaáhrif sönnuð hvíli þá á váttryggðum að sýna fram á að þau áhrif hafi engu skipt um það að váttryggingaratburður varð.

Í viðbótarathugasemddum V1 er ítrekað félagið telji orsakatengsl milli árekstursins og ástands A ósönnuð. Hvað varði þá breyttan framburð M sé framburður hans um meinta líkamsárás a og hinn þunga höggkraft sem eigi að hafa leitt til þess að B snerist á veginum ótrúverðugur og ekki í samræmi við fyrri framburð og skýrist slíkt ósamræmi ekki af tungumálaörðugleikum.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, er lýst þeirri afstöðu að M eigi rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V1. Byggi sú afstaða á því að framburður M um málsatvik sé trúverðugur og hafi hann án tafar haft samband við lögreglu sem hafi handtekið ökumann A nærri vettvangi. Hafi þá komið í ljós að skemmdir á bifreiðunum samræmdust málsatvikalýsingu M, þ.e. skemmd var framan á A og aftan á B. Þá muni ökumaður A ekkert eftir atvikum og sé honum því ómögulegt að mótmæla atvikalýsingu M. Verði A, sem hafi verið handtekinn undir stýri undir verulegum áfengisáhrifum að bera hallann af sönnunarskorti í málinu. Því verði að leggja til grundvallar að B hafi verið kyrrstæð er bifreið A rásaði eftir veginum og hafnaði á B. Beri A því alla sök á umræddum árekstri.

Álit.

Í málskoti er eins og áður er rakið gerð krafa um bætur vegna muna- og líkamstjóns M auk þess sem gerð er krafa um greiðslu miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í bréfi V1 er farið fram á að aðeins verði úrskurðað um sakarskiptingu sem slíka og verður orðalag í viðbótarathugasemddum lögmanns M ekki skilið öðru vísi en að fallist sé á það af hálfu M. Varðar umfjöllun nefndarinnar hér á eftir því aðeins sakarskiptingu sem slíka.

Að mati nefndarinnar er fullsannað að A var á umræddum tíma óhæfur til að stjórna bifreið vegna áfengisáhrifa, enda liggur fyrir niðurstaða blóðsýnatöku sem sýnir fram á að áfengismagn í blóði M var 2,42 prómill um klukkustund eftir handtöku. Kemur þá einnig fram í framburði hans sjálfs að hann hafi verið mjög ölvaður. Verður jafnframt að telja fullsannað að A hafi verið við akstur á þeim tíma sem um ræðir enda kemur það skýrt fram í fyrirliggjandi lögregluskýrslu. Er því ljóst að A gerðist brotlegur við 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að ef magn vínanda í blóði ökumanns nemur 1,2 prómillum eða meira teljist hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Hvað varðar tjón á B þá kemur fram í lögregluskýrslu að ákoma sé á „vinstri“ afturhlið B. Af ljósmyndum sem M hefur lagt fram má þá ráða að hlíf á varadekki sem er aftan á B hafi brotnað og að ákoma sé hægra megin á afturhléra hennar. Hefur atvikalýsing M og farþega í B frá upphafi verið stöðug varðandi það að B hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs og að ekið hafi verið aftan á hana. Verður M ekki látinn bera hallann af framangreindu ósamræmi á milli vinstri og hægri en lítil skoðun virðist hafa farið fram af hálfu lögreglu á tjóni á B á vettvangi.

Eins og komið hefur fram ber A fyrir sig minnisleysi vegna ölvunar og hefur hann því ekki mótmælt atvikalýsingu M sem slíkri. Í lögregluskýrslu dags. 6. janúar 2024, segir þá að vegna umfangs málsins, þ.e. atvika í tengslum við handtöku A, hafi láðst að taka myndir af vettvangi og af tjóni á B. Af fyrirliggjandi ljósmynd af B, sem sýnir m.a. brak á vettvangi, verða þá ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um stöðu hennar í aðdraganda áreksturs, sér í lagi með hliðsjón af því að M segir bifreiðina hafa kastast til við áreksturinn. Utan þessarar ljósmyndar eru engin gögn fyrirliggjandi er sýni fram á afstöðu bifreiðanna í aðdraganda áreksturs. Eins og mál þetta liggur fyrir eru því engin gögn sem

hnekkja frásögn M af atvikum, og hefur ekki verið sýnt fram á að háttalag hans í aðdraganda áreksturs hafi verið í andstöðu við ákvæði umferðarlaga.

Í ljósi atvika allra verður A að bera hallann af sönnunarskorti í málinu og verður samkvæmt framansögðu að byggja niðurstöðu um sakarskiptingu á frásögn M af atvikum, þ.e. að A hafi ekið á B kyrrstæða eftir að hafa rásað um götuna. Er það því mat nefndarinnar að A beri alla sök á umræddum árekstri og að orsakatengsl séu milli ölvunarástands hans og þess að árekstur varð.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir